

Efni: Samþykkt stjórnar Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings (SVÁ) frá 24. september 2025 um að heimila starfsmönnum að veita **ekki** þjónustu til íbúa með ótilgreint lögheimili.

Undirrituð leggur til að sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps dragi til baka ákvörðun er samþykkt var á fundi Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings (SVÁ) frá 24. september 2025 um að heimila starfsmönnum að veita **ekki** þjónustu til íbúa með ótilgreint lögheimili.

Úr fundargerð Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings (SVÁ) frá 24. september 2025:
„Stjórn samþykkir samhljóða að veita starfsmönnum byggðasamlagsins ekki heimild til að skipuleggja eða veita þjónustu til aðila sem eru með ótilgreint lögheimili. Forsendur fyrir þjónustu Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs er skráning lögheimilis í íbúðarhúsnæði.“

Aðilar sem skráðir eru með **ótilgreint lögheimili í tilteknu sveitarfélagi** greiða útsvar, lögboðinn tekjuskatt til sveitarfélagsins nákvæmlega eins og aðrir íbúar. Útsvarið rennur beint í sjóð þess sveitarfélags þar sem viðkomandi er skráður með lögheimili þann 31. desember ár hvert.

Slík mismunun eða ákvörðun brýtur gegn gildandi lögum á Íslandi. Þjóðskrá Íslands hefur staðfest að ótilgreind skráning sé í fullu samræmi við lög og sveitarfélög geta ekki einhliða litið fram hjá henni til að svipta fólk réttindum. Stjórnvöld mega ekki mismuna íbúum á grundvelli búsetuforms eða tæknilegrar skráningar í þjóðskrá þegar réttindi eru annars vegar.

Samkvæmt 3. málsl. 1. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 segir orðrétt:
„Hver maður telst íbúi sveitarfélags þar sem hann á lögheimili.“

Samkvæmt 12. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga segir orðrétt:
„Sveitarfélag skal sjá um að veita íbúum þjónustu og aðstoð samkvæmt lögum þessum og jafnframt tryggja að þeir geti séð fyrir sér og sínum.“

Og í 13. gr. sömu laga segir orðrétt:
„Með íbúa sveitarfélags er í lögum þessum átt við hvern þann sem lögheimili á í viðkomandi sveitarfélagi.“

Ragna Ívarsdóttir